

Fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar var haldinn þriðjudaginn 1. apríl kl. 17:05 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Árni Davíð Haraldsson, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Þórir Jónsson og Hilma Steinarsdóttir.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að bæta við á dagskrá erindi frá nýstofnuðum vélhjólaklúbbi á Þórshöfn. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 29.02.08. (Lögð fram)
- Íþrótt- og tómstundanefnd 13.03.08

Sveitarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við félag eldri borgara varðandi hugsanlega aðkomu félagsins að sumarstarfsemi barna og unglinga á vegum Langanesbyggðar. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að því máli, í samráði við ÍTN, og auglýsa þau störf sem fyrirsjáanlegt yrði að manna þyrfti sérstaklega vegna þessarar starfsemi. Skoða þarf sérstaklega staðsetningar með hliðsjón af bókunum nefndarinnar þar um.

Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni með þau drög að stefnu fyrir vinnuskólann sem unnin hefur verið af nefndinni og lögð voru fram til kynningar á síðasta fundi hreppsnefndar. Sveitarstjóra falið að yfirfara þau ásamt formanni ÍTN og íþrótt- og tómstundafulltrúa áður en þau verða tekin til endanlegrar afgreiðslu í ÍTN.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

- Fræðslu- og menningarnefnd 17.03.08

Sveitarstjóra falið, í samráði við skólastjóra grunnskólanna í Langanesbyggð, að auglýsa lausar stöður kennara.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra 108. fundur 05.03.08 (Lögð fram)
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga 12.03.08 (Lögð fram)
- Menningarmiðstöð Þingeyinga 12.03.08 (Lögð fram)


3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína.

Fram kom m.a. að vaxandi óánægju gæti vegna þjónustu Heilbrigðisstofnunar Austurlands á Bakkafirði. Blikur eru á lofti varðandi þjónustu hjúkrunarfræðings á Þórshöfn en starfandi hjúkrunarfræðingur er á förum í maí nk. og er ekki vitað til að fyrir liggi ráðning í stöðuna. Einnig hefur bágborið ástand tækjakosts komið niður á þjónustu við íbúa á svæðinu.

Sveitarstjóra er falið að ræða við forsvarsmenn HA varðandi framtíð þjónustunnar á Bakkafirði.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar hvetur forráðamenn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga til þess að sjá til þess að ráðinn verði hjúkrunarfræðingur til starfa á Þórshöfn hið fyrsta. Eðlilegt er að slíkur starfsmaður verði búsettur á Þórshöfn líkt og verið hefur undanfarin ár en til að svo megi verða þarf HÞ að grípa til varanlegra úrræða varðandi húsnæðismál hjúkrunarfræðings. Óásættanlegt er með öllu að litið verði til skammtímalausna í þessu sambandi. Einnig er því beint til forsvarsmanna



stofnunarinnar að gripið verði til aðgerða er miði að því að hægt verði að veita grundvallar neyðþjónustu s.s. röntgenmyndatökur.

Einnig kom fram að Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis hefði í hyggju að loka afgreiðslu sinni á Bakkafirði frá og með nk. mánaðarmótum. Uppgefnar ástæður væru m.a. þær að viðskipti hefðu ekki þróast í takt við væntingar og að sá starfsmaður er sinnt hefur afgreiðslunni á Bakkafirði muni láta af störfum í lok þessa mánaðar.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar hvetur forráðamenn sparisjóðsins til að skoða þá möguleika til hlítar að halda áfram opinni afgreiðslu á Bakkafirði og þá t.d. með mönnun frá Þórshöfn. Því er hins vegar sýndur skilningur að eitthvað kunní að þurfa að draga úr þjónustustigi frá því sem nú er.

Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri.

4. Innsend erindi

Til kynningar:

- Efni frá aðalfundi Félags leikskólakennara (Lagt fram)
- Samband íslenskra sveitarfélaga – Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarf. (Lagt fram).
- BKNE – Áskorun (Lagt fram).
- Staðardagskrá 21 – Staðardagskrá 21 í fámennum sveitarfélögum (Lagt fram).

Til afgreiðslu:

- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga – Kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga vegna Vaxtarsamnings Norðausturlands.


Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir tillögu stjórnar Vaxtarsamningsins um að 40% framlags sveitarfélaga (4 millj.kr.) verði greidd í hlutfalli við íbúafjölda og að 60% verði verkefnatengdar greiðslur. Samkvæmt útreikningum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga yrði fast framlag sveitarfélagsins vegna þessa á árinu 2008 kr. 385.978,-, því til viðbótar kæmu síðan verkefnatengdar greiðslur s.s. vegna GEBRIS. Taka skal þessa fjárhæð af áætlðu framlagi til atvinnumála í fjárhagsáætlun 2008.

Framangreind samþykkt er þó háð því að algjör samstaða náist um þetta fyrirkomulag á meðal þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Vaxtarsamningi Norðausturlands.

Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri.

- Ósk um niðurfellingu hluta fasteignagjalda vegna Langanesvegar 10.
Með vísan til afgreiðslu hreppsnefnda á sambærilegum erindum í sveitarfélaginu er erindinu hafnað.
- Steingrímur J. Sigfússon – Göngu- og reiðleiðafriðland á hálendi Norðausturlands.
Erindinu vísað til Landbúnaðarnefndar og Atvinnumálanefndar til umsagnar.
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Þórshöfn – Átaksverkefnið „Þitt líf – Þín ábyrgð“.
Sveitarstjóra falið að skoða málið ásamt stjórnendum grunn- og leikskólanna á Þórshöfn og á Bakkafirði.
- Fyrirspurn í framhaldi af bókun hreppsnefndar, dags. 29.02.08, vegna Álvers á Bakka.
Lögð fram fyrirspurn frá Dreng Óla Þorsteinssyni og Hildi Ásu Henrysdóttur vegna afstöðu sveitarstjórnar til fyrirhugaðra álversfrankvæmda við Húsavík.

Um verulegt samstarf er að ræða með sveitarfélögum í Þingeyjarsýslum og er þungamiðjan í því samstarfi tengd þéttbýliskjarnanum á Húsavík og þeim heilbrigðis-, þjónustu- og menntastofnunum sem þar eru. Efling þess kjarna er því vænleg til að efla svæðið í heild sinni. Minni byggðalög á jaðri samstarfssvæðisins, s.s. Langanesbyggð munu geta orðið fyrir tímabundnum neikvæðum áhrifum á meðan á uppbyggingunni við Húsavík stendur. Við þessu verður að bregðast og er því unnið að því af hálfu hreppsnefndar Langanesbyggðar að efla svæðið atvinnulega og þróa þar atvinnuflórana með þeim hætti að búseta þar verði vænlegur


Jóhanna

kostur til framtíðar. Það hins vegar að styðja ekki eflingu á svæðinu við Húsavík er ekki í heim anda sem sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum vinna auk þess sem það er mat hreppsnefndar Langanesbyggðar að áframhaldandi hnignun Húsavíkursvæðisins yrði beinlínis ógn við jákvæða þróun í Langanesbyggð í framtíðinni.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar fagnar þeim áhuga á framtíð byggðalagsins er fram kemur í erindi fyrirspyrjenda og hefur væntingar um að í framtíðinni muni efnilegt ungt fólk eiga þess kost að snúa aftur í heimahagana til starfa að námi loknu.

- Lánasjóður sveitarfélaga – Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 04.04.08.
Samþykkt að sveitarstjóri sækji aðalfundinn í tengslum við Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Íþrótt- og tómstundanefnd Langanesbyggðar – Styrkumsókn vegna sjálfstyrkingarnámsskeiðs fyrir unglunga í Langanesbyggð.
Sveitarstjóra falin afgreiðsla málsins með hliðsjón af þeim fjárheimildum er fjárhagsáætlun 2008 gerir ráð fyrir til þessa málaflokks.
- RARIK – Samráðsfundur með sveitarstjórnarmönnum á Norðurlandi 11.04.08.
Samþykkt að fulltrúar úr sveitarstjórn sækji samráðsfundinn í tengslum við fyrirhugaða ráðstefnu um sveitarstjórnarrétt sem haldin verður á Akureyri 11.04.08.
- Heilsuverndarstöðin – Ungt fólk og vinnuvernd.
Samþykkt að fela sveitarstjóra ásamt íþrótt- og tómstundanefnd afgreiðslu málsins.
- Eyþing – Ráðstefna um sveitarstjórnarrétt 11.04.08.
Sveitarstjóra falið að skipuleggja þátttöku sveitarstjórnarmanna úr Langanesbyggð í ráðstefnunni. Tilkynna skal um þátttöku til sveitarstjóra í síðasta lagi þriðjudaginn 8. apríl.
- Eyþing – Námskeið í lestri og greiningu ársreikninga 14.04.08 og 21.04.08.
Samþykkt að gefa öllum aðal- og varamönnum í hreppsnefnd kost á að sækja umrædd námskeið, sér að kostnaðarlausu, og skal tilkynnt um þátttöku til sveitarstjóra eigi síðar en 10.04.08.
- Nýstofnaður vélhjólaklúbbur á Þórshöfn – Styrkumsókn vegna brautargerðar og umsókn um land undir braut.
Samþykkt að vísa erindinu til íþrótt- og tómstundanefndar og umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar til umsagnar.

5. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar

Vegna brottflutnings kjörinna nefndarmanna var skipað í eftirtalin nefndarsæti að nýju:

Vífill Þorfinnsson í stað Björgvins Axels Gunnarssonar, K-lista, sem aðalmaður í umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd.

Jón H. Marinósson í stað Almars Marinóssonar, K-lista, sem varamaður Sóleyjar Vífilsdóttur í íþrótt- og tómstundanefnd.

Vegna fráfalls kjörins nefndarmanns var skipað í eftirtalið nefndarsæti að nýju:

Indriði Þóroddsson í stað Sigurjóns Jóseps Friðrikssonar, K-lista, sem aðalmaður í Fjallskilanefnd Eystri.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.
Fleira ekki bert og fundi slitið kl. 19:20

Siggeir
Þórir Þorsteinsson
Hilma Steinarsdóttir

25

Arni Þorsteinsson
Sigríður Þorsteinsson
Ólafur Ólafsson
Jóhanna Helgadóttir